

Fréttatilkynning

Efni: Könnun MMR á afstöðu fólks til listamannalauna


Úrtak: Íslendingar á aldrinum 18-67 ára

Dagsetning: 17. mars 2010

61,4% eru frekar eða mjög andvíg því að ríkið greiði listamannalaun.
-Stærsti hlutinn, 32,7% er mjög andvígur


MMR kannaði hversu fylgjandi eða andvíg fólki væri gagnvart því að ríkið greiði listamannalaun. Af þeim sem tóku afstöðu voru 61,4% sem sögðust frekar eða mjög andvíg greiðslu á listamannalaunum. Skipt eftir einstökum svörum voru 32,7% sem sögðust mjög andvíg, 28,7 sögðust frekar andvíg, 28,8% sögðust frekar fylgjandi og 9,8% sögðust mjög fylgjandi því að ríkið greiði listamannalaun.

Ertu fylgjandi eða andvíg(ur) því að ríkið greiði listamannalaun?



Spurt var: "Ertu fylgjandi eða andvíg(ur) því að ríkið greiði listamannalaun?"
Samtals tóku 92,5% afstöðu til spurningarinnar.

Ertu fylgjandi eða andvíg(ur) því að ríkið greiði listamannalaun?
 -þeir sem sögðu „frekar/mjög andvíg(ur)" eða „frekar/mjög fylgjandi"-



Upplýsingar um framkvæmd:

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR*

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun*

Svarfjöldi: 932 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 3.-5. mars 2010

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.

* Hópur álitsgjafa MMR telur liðlega 12.000 einstaklinga sem valdir hafa verið með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og fengnir til þátttöku í netkönnunum með símakönnun. Viðurkenndum aðferðum er beitt svo svörun endurspegli lýðfræðilega samsetningu þjóðskrár. Hópurinn er endurnýjaður vikulega allt árið um kring til að bæta fyrir brottfall og tryggja eðlilega endurnýjun.